








Fundargerð

Fimmtudaginn 25. ágúst 2022 kl. 14:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

1. Fundargögn

	394 fundargerð 16 06 2022.docx
	395 Dagskrá fundar EFS 18 08 2022.docx
	Endurskoðunarskýrsla - yfirlit .xlsx
	⚡ Svör til irn 7.mars.pdf
	⚡ Svör við spurningum EFS vegna fundar 8. m...
	Yfirlit um mál í vinnslu ágúst 2022.xlsx
	Yfirlit yfir viðbrögð við bréfi EFS júní 2022.xlsx

2. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð nr. 394 var samþykkt.

3. Viðbrögð við bréfi EFS

Farið var yfir viðbrögð sveitarfélaga við bréfi EFS sem sent var 22. júní sl. varðandi ársreikninga 2021. Mörg sveitarfélög óskaðu eftir nánari skýringum á lágmarksviðmiðum EFS sem ekki var verið að uppfylla og fengu þau svar við því.

4. Yfirferð á endurskoðendaskýrslum

Búið er að fara yfir allar endurskoðendaskýrslur fyrir ársreikning 2021 sem búið er að skila inn til Hagstofunnar. Enn eru nokkur sveitarfélög eftir að skila inn og verður send ítrekun á að skila.

Hjá langflestum sveitarfélögum voru engar athugasemdir í endurskoðendaskýrslunum. Fram kom í endurskoðunarskýrslu hjá Sveitarfélaginu Árborg að tekjufærður var arður í ársreikningi A-hluta 2021 frá vatnsveitunni. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið sendi bréf, dags. 13. nóvember 2019, þar sem fram kemur að sveitarfélögum er ekki heimilt að greiða sér arð úr rekstri vatnsveitna. Hagsmunaaðilar eru ekki sammála túlkun ráðuneytisins.

Ákveðið var að rita innviðaráðuneytinu bréf og upplýsa um arðgreiðsluna.

5. Gagnagátt fyrir EFS

Árni Sverrir Hafsteinsson sérfræðingur í innviðaráðuneytinu kom inn á fund EFS undir þessum lið en hann hefur verið að vinna að gagnagátt fyrir EFS. Árni fór yfir drög að gagnagátt þar sem búið er að setja inn ársreikning 2021 og fjárhagsáætlun 2022-2025. Markmiðið er að það verði skilvirkara og auðveldara fyrir nefndina og ráðuneytið að fara yfir fjárhagsupplýsingar sveitarfélaga. Jafnframt verða settir upp mælikvarðar fyrir helstu viðmið EFS.

Ákveðið var að Árni Sverrir mun halda áfram vinnunni og að gagnagáttin verði tilbúin fljótlega.

6. Undirbúningur fyrir fund með Árborg

Umræða um fyrirhugaðan fund með fulltrúum Árborgar sem verður 7. september nk. EFS sendi bréf til Árborgar þann 22. júní sl. varðandi ársreikning 2021 og þar kom jafnframt fram að nefndin óskaði eftir fundi til að fara yfir fjármálin.

7. Verkefnaskjal

Farið var yfir verkefnaskjal og uppfært.

8. Önnur mál

Enginn önnur mál